



Ungmennasamband Kjalarnespings

ÞINGGERÐ



68. ÁRSPING

FÓLKVANGI Á KJALARNESI

9. FEBRÚAR 1992

68. Ársþing UMSK

haldið í Fólkvangi á Kjalarnesi

þann 9. febrúar 1992

1. Þingsetning

Hafsteinn Pálsson formaður UMSK tók til máls og setti þingið. Hann ræddi meðal annars um 67. ársþingið sem haldið var í Félagsheimili Kópavogs í boði Gerplu og skýrði frá því að fjárhagsstaða sambandsins hefði batnað síðan á þinginu fyrir ári, m.a. vegna styrks frá fjármálaráðuneytinu. Hann minnti einnig félögin á að nýta betur þá tekjumöguleika sem eru fyrir hendi hjá Getraunum. Síðan talaði hann um að UMSK yrði 70 ára á þessu ári.

Þá minnti hann á að aðstöðuleysi mætti ekki verða þess valdandi að unglingar hættu að stunda íþróttir. Að lokum minntist hann látinns félaga okkar Þorvarðar Áka Eiríkssonar með þessum orðum:

“Þorvarður Áki Eiríksson fyrsti formaður HK og fyrrum stjórnarmaður í UMSK, lést í janúar á þessu ári. Góður og fórnfús félagi er horfinn á braut”.

Hafsteinn minntist einnig Sveins Björnssonar, forseta ÍSÍ er lést á síðasta ári.

“Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ lést á síðasta ári. Hann var sæmdur heiðursviðurkenningu UMSK árið 1990. Hún er veitt þeim sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og/eða aðstoðað aðildarfélaögin verulega. Missir íþróttahreyfingarinnar er mikill. Minningin lifir”.

Því næst var risið úr sætum og vottuð virðing með andartakspögn.

Gestir þingsins voru Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Stefán S. Konráðsson aðstoðarframkvæmdastjóri ÍSÍ og Ari B. Einarsson formaður SÍL.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Fyrsti þingforseti var kjörinn Kristinn Gylfi Jónsson UMFK og annar þingforseti Páll Aðalsteinsson UMFA

3. Kosning þingritara

Þingritarar voru kjörnir Oddný Guðnadóttir UMFK, Ester Jónsdóttir UBK og Guðrún Magnúsdóttir UMFA.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Í kjörbréfanefnd voru kjörin Ólína Sveinsdóttir UBK, Höskuldur Gunnarsson Dreng og Albert H. N. Valdimarsson HK.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Hafsteinn Pálsson flutti skýrslu stjórnar og er að öðru leyti vísað í skýrsluna sem lá fjölrítuð fyrir þinginu.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Ari Hilmarsson flutti reikninga UMSK og vísast einnig í skýrslu stjórnar þar sem reikningarnir eru.

7. Ávörp gesta

Fyrstur tók til máls Ellert B. Schram forseti ÍSÍ. Hann lofaði félögin fyrir gott starf og sagði að félögin væru orðin mörg og aðstaða til íþróttaiðkanna væri víðast hvar orðin góð, þó helst á þéttbýlli stöðum, eins og gefur að skilja. Hann ræddi einnig um 80 ára afmæli ÍSÍ. Hann minntist einnig á að ÍSÍ og UMFÍ gætu haft meira samstarf sín á milli og væri það báðum aðilum til góðs. Hann minntist að lokum á mikilvægi íþróttar og sagði markmiðið vera. "Íþróttir fyrir alla".

Næstur tók til máls Pálmi Gíslason formaður UMFÍ. Hann þakkaði Hafsteini Pálssyni formanni UMSK, fyrir góða úrlausn á fjármálum eftir landsmótið. Hann ræddi um að fresta yrði landsmótinu sem halda átti á Laugarvatni 1993 til ársins 1994 vegna þess að nauðsynleg aðstaða væri ekki til staðar á tilsettum tíma, þá frestast einnig landsmótið sem halda átti í Borgarfirði 1996 til ársins 1997. Hann þakkaði félögunum fyrir góða þátttöku í umhverfisverkefninu fósturbörnin og hvatti til áframhaldandi þátttöku. Og í því sambandi sagði hann frá því að Björn B. Jónsson væri nú að skrá niður upplýsingar um skógrækt ungmennafélaga frá upphafi. Að lokum minntist Pálmi á að UMFÍ væri að hugleiða kaup á nýju húsnæði undir þjónustumiðstöðina og tók undir orð Ellerts um aukið samstarf UMFÍ og ÍSÍ.

Því næst tók til máls Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ. Hann byrjaði á að þakka stjórn UMSK fyrir góða skýrslu og tók undir orð Pálm í sambandi við góða úrlausn fjármála eftir landsmótið. Hann minnti á nauðsyn félagsmálaskóla fyrir aðila sambandsins, einnig talaði hann um nauðsyn þess að auka samstarf á sviði tölvumála, það kæmi sér betur fyrir alla aðila. Sérstök nefnd hefur verið starfandi innan UMFÍ og vinnur hún að nánara samstarfi við ÍSÍ í þessum efnum. Þá minnti hann fundarmenn á "Skinfxa" og sagði nauðsynlegt að safna fleiri áskrifendum að blaðinu, til að bæta fjárhagsstöðu blaðsins. Síðan nefndi hann starfshelgi UMFÍ sem verður að líkindum haldin um verslunarmannahelgina í Þrastarskógi. Að lokum þakkaði hann Birgi Ara framkvæmdastjóra UMSK fyrir gott samstarf sem og allri stjórn sambandsins.

Næstur tók til máls Stefán Konráðsson aðstoðarframkvæmdastjóri ÍSÍ. Hann þakkaði gott fjármálaátak og góða skýrslu. Hann fjallaði um átak sem gert hefur verið í þjónustumiðstöð ÍSÍ í Laugardal og sagði að þar væri hægt að fá faglega þjónustu um íþróttir almennt sem og varðandi útgáfumál og fleira, hann hvatti félögin til að nýta sér þessa þjónustu. Hann minntist einnig á 80 ára afmæli ÍSÍ og að í tilefni af því stæði til að halda leiðtoganámskeið næsta haust fyrir aðildarfélögin.

Að lokum tók til máls Ólína Sveinsdóttir stjórnarmaður í UMFÍ og þakkaði hún góða skýrslu og kraftmikla. Hún minnti á blaðið "Skinfxa" og sagði að þetta væri gott blað og fróðlegt. Það kæmi út fjórum sinnum á ári og væri það vel þess virði að gerast áskrifandi.

8. Álit kjörbréfa- nefndar

Höskuldur Gunnarsson greindi frá störfum kjörbréfanefndar. Alls bárust 15 kjörbréf og lýsti hann yfir að eftirtaldir fulltrúar ættu rétt til setu á þinginu.

Umf. Afturelding

Ingveldur Tryggvadóttir
Halldór Ragnarsson
Jóna Þorvarðardóttir
Ívar Benediktsson

Til vara:

Páll Aðalsteinsson

UMF. Drengur
Hermann Ingólfsson

Umf. Kjalnesinga
Aðalheiður Steinadóttir
Til vara:
Agnar Lemack

Umf. Bessastaðahrepps
Kjartan Sigtryggsson

UMF. Breiðablik
Logi Kristjánsson
Jón Ingi Ragnarsson
Andrés Pétursson
Ólína Sveinsdóttir
Heiðar Árnason
Ester Jónsdóttir
Hraunar Daníelsson
Hafdís Benediktsdóttir

Umf. Stjarnan
Stefán Konráðsson
Anna R Möller
Björgvin Jósepsson

Handknattleiksfélag Kópavogs
Þorsteinn Einarsson
Albert HN Valdimarsson
Sigurjón Sigurðsson
Valsteinn Stefánsson

Íþróttafélagið Gerpla
Ingvar Árnason
Margrét Guðmundsdóttir
Hrafnhildur Skúladóttir
Til vara:
Einar Sigurðsson

Siglingafélagið Ýmir
Hjördís Andrésdóttir
Sigríður Ólafsdóttir

Golfklúbburinn Kjölur
Svanur Gestsson
Gunnar Páll Pálsson

Íþróttafélagið Hlynur
Ásgeir Pálsson

Hestaíþróttafélagið Hörður
Rúnar Sigurpálsson
Þróstur Karlsson
Örn Harðarson

Til vara:
Valdimar Kristinsson
Hulda Þórðardóttir
Júlíus Brjánsson
Birna Sigurðardóttir
Sigurður Sigurðarson

Íþróttadeild Gusts
Sævar Kristjánsson

Keilufélag Garðabæjar
Halldór Snorrason
Til vara:
Vilhjálmur B Kvaran

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Formaður UMSK kynnti tvö ný félög sem fengu á sl. ári samþykki stjórnar til inngöngu í UMSK.
Tennisfélag Kópavogs (TFK)
Golfklúbbur Bakkakots (GOB)
Þingheimur samþykkti aðild þessara félaga samhljóða.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

Kristinn Jónsson þingforseti tók til máls og lofaði gott starf innan sambandsins og góða skýrslu og sagði einnig að mjög jákvætt hefði verið að draga svo mjög úr kostnaðarliðum á meðan skuldastaðan vegna landsmóts var svo slæm. Hann minntist einnig Sveins Björnssonar.

11. Umræður og athvæðagreiðsla um reikninga

Eftir fyrirspurn um liðinn styrkir sveitarfélaga bar Kristinn Gylfi reikningana upp til atkvæða og voru þeir samþykktir samhljóða.

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Skipað var í nefndir og fara nöfn formanna nefndanna hér á eftir.

1.	Fjárhagsnefnd	Ólína Sveinsdóttir
2.	Laganefnd	Páll Aðalsteinsson
3.	Íþróttanefnd	Ester Jónsdóttir
4.	Allsherjarnefnd	Rúnar Sigurpálsson
5.	Kjörnefnd	Svanur Gestsson

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram

Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri UMSK las upp fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og var hún gerð að þingskjali nr.1

Fjárhagsáætlun 1992

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	400.000
Útbreiðslustyrkur	1.100.000
Getraunir	200.000
Lottó 5/38	1.500.000
Skattur aðildarfélaga	<u>800.000</u>
	<u>4.000.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.400.000
Þing og sérnefndir	700.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	250.000
Annar kostnaður	<u>650.000</u>
	<u>4.000.000</u>

14. Laga og leikreglna- breytingar lagðar fram

Lögð var fram breytingartillaga um breytingu á 5. grein laga UMSK og hljóðaði hún svona með viðbótinni sem er feitletruð.

Breytingin var lögð fram sem þingskjal nr. 2

5. gr. Hlutverk Héraðspings

Héraðsping úrskurðarreikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðspingi að úrskurða þær **nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ**. Héraðsping ákveður skatt félaganna til sambandsins. Árskýrslur og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

Lögð var fram tillaga um breytingu á 3. gr. reglugerðar um sérnefndir og var hún lögð fram sem þingskjal nr. 3

3. gr. skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildarskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

Jafnframt var lögð fram tillaga að viðbót við 2. grein reglugerðar um heiðursviðurkenningar og var hún lögð fram sem þingskjal nr. 4

9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

15. Aðrar tillögur lagðar fram

Eftirfarandi tillögur frá stjórn lágu fyrir þinginu og voru lagðar fram sem eftirfarandi þingskjöl.

Þingskjal nr. 5

68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda félagsmálanámskeið fyrir félaga sína.

Þingskjal nr. 6

68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómara námskeið fyrir hinar ýmsu íþróttagreinar.

Þingskjal nr. 7

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir stórhug í uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Þingskjal nr. 8

68. Ársþing UMSK... samþykkir þakkir til fjármálaráðherra fyrir veittan stuðning á árinu 1991.

Þingskjal nr. 9

68. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 10

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1993 við íbúafjölda kr. 40 á íbúa.

Þá var einnig lögð fram reglugerð um unglíngalandsmót sem þingskjal nr. 11.

Þá var tillögum skipt niður á nefndir og var skiptingin þessi:

Fjárhagsnefnd	Þingskjöl nr. 1, 9 og 10.
Laganefnd	Þingskjöl nr. 2, 3 og 4.
Íþróttanefnd	Þingskjöl nr. 6, 7 og 11.
Allsherjarnefnd	Þingskjöl nr. 5 og 8.

Matarhlé

Í matarhléi voru að venju veittar viðurkenningar til afreksfólks í íþróttum og félagsmálum innan sambandsins.

Félagsmálaskjöld UMSK hlaut:

Alda Helgadóttir Stjörnunni.

Afreksbikar UMSK hlaut:

Guðný Gunnsteinsdóttir Stjörnunni.

Frjálsíþróttabikar UMSK hlaut:

Guðrún Arnardóttir Breiðabliki.

UMFÍ-bikarinn hlaut:

Karlaflokkur Gerplu í fimleikum.

Sundbikar UMSK hlaut:

Hrafnhildur Hákonardóttir Aftureldingu.

Starfsmerki voru sæmdir:

Logi Kristjánsson UBK

Páll Ólafsson UMFK

Svanur Gestson UMFA

Valdimar Kristinsson Herði

Steinn Jónsson Gróttu

Þorsteini Einarssyni var einnig afhent merki sem hann hafði verið sæmdur áður.

16. Nefndarstörf

Nefndir störfuðu vel eins og fram kemur í næsta lið.

17. Afgreiðsla á álitum nefnda

Fjárhagsnefnd:

Þingskjal nr. 9

68. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 10 með breytingum

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1993 við íbúafjölda kr. 30 á íbúa.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 1 með breytingum

Fjárhagsáætlun 1992

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	900.000
Útbreiðslustyrkur	1.100.000
Getraunir	200.000
Lottó 5/38	1.500.000
Skattur aðildarfélaga	<u>800.000</u>
	<u>4.500.000</u>

Gjöld:	
Rekstur skrifstofu	2.400.000
Þing og sérnefndir	700.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	250.000
Annar kostnaður	1.150.000
	<u>4.500.000</u>

Samþykkt samhljóða

Laganefnd:

Þingskjal nr. 2 *Breyting á lögum UMSK*

5. gr. Hlutverk Héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslur og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 3 *Breyting á reglugerð um sérnefndir*

3. gr. skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildarskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 4 *Breyting á reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK*

9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

Samþykkt samhljóða

Íþróttanefnd:

Þingskjal nr. 6

68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaramámskeið fyrir hinar ýmsu íþróttagreinar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir stórhug í uppbyggingu íþróttamannvirkja, og hvetur þá til áframhaldandi uppbyggingu og viðhalds þeirra íþróttamannvirkja sem fyrir eru á sambandssvæðinu, í nánu samstarfi við aðildarfélögin.

Samþykkt samhljóða

Hafsteinn Pálsson hvað sér hljóðs um næstu tillögu og sagði að ekki þyrfti að keppa undir nafni UMSK á unglíngalandsmóttinu, og væri það því undir félögunum sjálfum komið hvort að af þátttöku verður.

Nokkrar umræður urðu út af þingskjali nr. 11 og var þá helst sett út á að engir fimleikar eru í reglugerð mótsins.

Þingskjal nr. 11 ný tillaga

68. Ársþing UMSK... hvetur til þátttöku á fyrirhuguðu Unglíngalandsmótti UMFÍ 1992. Þátttaka verði ákveðin af aðildarfélögunum.

Samþykkt samhljóða

Allsherjarnefnd:

Úr þingskjali nr. 5 komu þrjár tillögur.

Þingskjal nr. 5 með viðbótartillögum

A. 68. Ársþing UMSK... hvetur stjórn félagsmálaskóla UMFÍ til að kynna starfsemi skólans fyrir aðildarfélögunum.

B. 68. Ársþing UMSK... hvetur stjórn UMSK til að halda félagsmálanámskeið fyrir aðildarfélögin í samvinnu við félagsmálaskóla UMFÍ.

C. 68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda námskeið í skyndihjálpi fyrir félagi sína árlega.

Samþykkt samhljóða

Dingskjal nr. 8 með breytingum

68. Ársþing UMSK... leggur til að stjórn UMSK sendi fjármálaráðuneytinu þakkir fyrir veittan stuðning á árinu 1991.

Samþykkt samhljóða

Dingskjal nr. 12 ný tillaga

68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda áfram með verkefnið fósturbörnin.

Samþykkt samhljóða

18. Önnur mál

Sæmundur Runólfsson tók til máls og sagði að ákveðið væri að halda unglingsmót í sumar, dagana 10. - 12. júlí og jafnframt að mót þetta þyrfti að undirbúa vel og vel mætti athuga að taka inn fimleika á mótinu. Hann sagði að takmarka þyrfti þátttökufjölda frá hverju félagi, og einnig sagði hann að það yrði keppt íþremur flokkum. Í máli sínu kom Sæmundur einnig inn á starfsemi félagsmálaskóla UMFÍ og sagði að alls konar námskeið væru í boði. Hann hvatti til frekari þátttöku í skólanum.

Höskuldur Gunnarsson tók til máls og minnti menn á að á 67. Ársþingi UMSK hefði verið hvatt til frekari áherslu á kvennafróttir og að skipuð hefði verið nefnd um það, og spurði svo. "Hvar er þessi nefnd?"

Halldór Ragnarsson minntist á að úrslit í sundmótum þurfa að berast til sundsambandsins, innan viku frá keppni. Annars væru úrslitin talin ógild. Hann sagði að úr þessu yrði að bæta.

Hafsteinn Pálsson tilkynnti að Jón Pétur Línadal, sveitarstjóri Kjalarneshrepps kæmist ekki á þingið vegna fundarhalda annarsstaðar, en það stóð til að Jón ávarpaði þingið. Hafsteinn svaraði einnig Höskuldi og sagðist viss um að Kvennanefndin væri vel starfandi.

19. Kosningar

Svanur Gestsson talaði fyrir kjörnefnd og flutti tillögur nefndarinnar

Formaður:

Hafsteinn Pálsson

Tveir stjórnarmenn til tveggja ára:
Höskuldur Gunnarsson
Guðrún Magnúsdóttir

Þrír menn í varastjórn:
Örn Harðarson
Margrét Guðmundsdóttir
Björgvin Jósepson

Tveir endurskoðendur:
Ólína Sveinsdóttir
Steinþór Pálsson

Tveir endurskoðendur til vara:
Kristján Sveinbjörnsson
Gunnar P. Pálsson

Héraðsdómstóll til þriggja ára:
Magnús Harðarson

Héraðsdómstóll til vara (3 ár):
Erling Þorsteinsson

Engar aðrar tillögur komu fram og hlutu því allir ofantaldir kosningu til þeirra starfa sem að ofan er getið.

Hafsteinn Pálsson formaður þakkaði traustið sem hann hlaut í kosningu formanns og þakkaði um leið fráfarandi stjórnarmönnum gott samstarf og bauð nýja velkomna. Hann sagði líka að verið væri að ljúka við fáein mál, sem ekki tókst að klára fyrir þetta þing og því sé það meðal fyrstu mála sem nýkjörin stjórn fær að glíma við að klára þessi mál frá landsmótinu. Hann þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir störf þeirra á þinginu og einnig Kjalnesingum fyrir gestrisni og gott boð og bað um leið fyrir kveðju til sveitarstjórnar Kjalarneshrepps. Hann minntist einnig á að Emilía Jónsdóttir sem átti sæti í síðustu stjórn UMSK fyrir hönd UMFK hefði flutt af landi brott á sl. ári og því ekki getað starfað sem skildi með stjórninni. Að lokum þakkaði Hafsteinn fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og gott þing.

20. Þingslit

Þinginu var slitið kl. 15.40

Tillögur samþykktar á 68. ársþingi UMSK

Tillaga nr. 1

Fjárhagsáætlun 1992

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	900.000
Útbreiðslustyrkur	1.100.000
Getraunir	200.000
Lottó 5/38	1.500.000
Skattur aðildarfélaga	<u>800.000</u>
	<u>4.500.000</u>

Gjöld:

Rekstur skrifstofu	2.400.000
Þing og sérnefndir	700.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	250.000
Annar kostnaður	<u>1.150.000</u>
	<u>4.500.000</u>

Tillaga nr. 2

Lagabreyting

5. gr. Hlutverk Héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Árskýrslur og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

Tillaga nr. 3

Breyting á reglugerð um sérnefndir.

3. gr. skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar ípróttagreinarinnar þar sem um deildarskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

Tillaga nr. 4

Breyting á reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

Tillaga nr. 5

A. 68. Ársþing UMSK... hvetur stjórn félagsmálaskóla UMFÍ til að kynna starfsemi skólans fyrir aðildarfélögunum.

B. 68. Ársþing UMSK... hvetur stjórn UMSK til að halda félagsmála-námskeið fyrir aðildarfélögin í samvinnu við félagsmálaskóla UMFÍ.

C. 68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda námskeið í skyndihjálpi fyrir félagi sína árlega.

Tillaga nr. 6

68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaranámskeið fyrir hinar ýmsu íþróttagreinar.

Tillaga nr. 7

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir stórhug í uppbyggingu íþróttamannvirkja, og hvetur þá til áframhaldandi uppbyggingu og viðhalds þeirra íþróttamannvirkja sem fyrir eru á sambandssvæðinu, í nánú samstarfi við aðildarfélögin.

Tillaga nr. 8

68. Ársþing UMSK... leggur til að stjórn UMSK sendi fjármálaráðuneytinu þakkir fyrir veittan stuðning á árinu 1991.

Tillaga nr. 9

68. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Tillaga nr. 10

68. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1993 við íbúafjölda kr. 30 á íbúa.

Tillaga nr. 11

68. Ársþing UMSK... hvetur til þátttöku á fyrirhuguðu Unglingalandsmóti UMFÍ 1992. Þátttaka verði ákveðin af aðildarfélögunum.

Tillaga nr. 12

68. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda áfram með verkefnið fósturbörnin.

Lög og reglugerðir með áorðnum breytingum á 68. ársþingi UMSK



Lög Ungmennasambands Kjalarnespings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttfulltrúi ríkisins.
- c. Endurskoðendur.
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitni nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitni.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
 - e. Kosning í héraðsdómstól.
20. Þingslit.

Ef lágsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaping

Aukaping skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjú menn í varastjórn og ennfremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarféлага UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

**14. gr. Athvæðamagn
við lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- a) Samþykkt héraðsþings UMSK: 1992-02-09
- b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ: dags.
- c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: dags.

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. STARFSMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. SILFURMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. GULLMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. HEIÐURSVIÐURKENNING UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR UMSK, gefinn ef Axeli Jónsyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. AFREKSBIKAR UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. UMFÍ-BIKARINN skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

8. FRJÁLSÍÞRÓTTABIKAR UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega í ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

9. SUNDBIKAR UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

Reglugerð um sérnefndir UMSK

- 1. gr. Aðild** Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.
- 2. gr. Stofnun** Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.
- 3. gr. Skipun** Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.
- 4. gr. Verkaskipting** Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.
- 5. gr. Verkefni** Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra. Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.
- 6. gr. Fjármál** Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.
- 7. gr. Yfirlit um sérnefndir** Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:
- Blaknefnd UMSK
 - Fimleikanefnd UMSK
 - Frjálsíþróttanefnd UMSK
 - Golfnefnd UMSK
 - Handknattleiksnefnd UMSK
 - Hestaíþróttanefnd UMSK
 - Knattspyrnunefnd UMSK
 - Siglinganefnd UMSK
 - Sundnefnd UMSK

